

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 27. júní 2014 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-18/2014:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 27. febrúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á rúmdýnu, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi afhenti sér nýja ógallaða dýnu, eða að kaupunum verði rift.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 3. mars sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 12. mars. Með bréfi, dags. 14. mars, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær 7. apríl. Með bréfi, dags. 14. mars, var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum og bárust þau hinn 12. maí. Með bréfi, dags. 16. maí, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum og frestur til þess til 30. maí. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 20. júní, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 11. maí 2012 keypti álitsbeiðandi rúmdýnu af gerðinni Serta Tetessera Plush King af seljanda fyrir kr. 180.000. Segir álitsbeiðandi að fljótlega eftir kaupin hafi komið fram galli á dýnunni sem lýsti sér í því leguflötur dýnnar öðrum megin aflagaðist. Telur álitsbeiðandi að um verksmiðjugalla sé að ræða og segist hann hafa staðið í stappi við seljanda í á annað ár vegna dýnnar. Krefst álitsbeiðandi þess að fá dýnuna endurgreidda, eða að seljandi afhendi sér nýja samskonar dýnu, gallalaus. Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af reikningi vegna kaupa á umræddri dýnu, ásamt ljósmynd af dýnunni.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi telur umrædda dýnu alls ekki haldna galla. Dýnan hafi verið keypt á lagerhreinsun og sé af mýkstu mögulegu gerð en á lagerhreinsuninni voru aðeins mjúkar dýnur til sölu. Slíkar dýnur séu með mýkri kanti en meðal stífar og stífar dýnur og þoli því verr mikla þyngd. Þetta hafi álitsbeiðanda verið kunnugt þegar hann keypti dýnuna. Af mynd þeirri er fylgdi álitsbeiðni megi sjá að dýnan hafi sígið vegna þess að of mikill þungi hafi komið á hana. Þá tekur seljandi fram að álitsbeiðandi flutti dýnuna sjálfur frá verslun seljanda og að heimili sínu.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi hafi haft samband við framleiðanda dýnnar og sent þeim myndir. Framleiðandinn hafi þó ekki svarað fyrirspurnum sínum. Þá segir álitsbeiðandi að seljandi hafi ætlað að tala við

dýnusérfræðinga og framleiðanda, en álitseiddandi segist heldur ekki hafa heyrð meira af þeim málaleitunum. Segir álitseiddandi jafnframt að vel geti verið að um mjög mjúka dýnu sé að ræða. Hins vegar hafi seljandi ekki tjáð sér að slíkar dýnur þyrftu einhverja sérstaka umgengni. Hefði það komið fram, segist álitseiddandi að hann hefði ekki keypt dýnuna. Tekur álitseiddandi þó fram að dýnunni hafi verið snúið reglulega og það sé tilviljun háð á hvorum megin á dýnunni hann sofi. Hann hafi nú sl. þrjá mánuði sofið á þeim hluta dýnunnar sem er heill og ekkert sjái þó á þeim hluta. Þoli kantur dýnunnar ekki ákveðinn líkamsþunga líkt og seljandi haldi fram telur álitseiddandi að slíkt hefði átt að koma fram við kaupin og að seljandi hefði þá átt að ráða sér frá kaupunum. Þá tekur álitseiddandi fram að rétt sé að hann hafi sjálfur staðið að flutningi dýnunnar til síns heima. Hafi hann fengið til þess aðila sem margoft hafi flutt fyrir sig stóra hluti og segist álitseiddandi aðeins þekkja þann aðila af vönduðum vinnubrögðum. Sem fyrr segir telur álitseiddandi dýnuna gallaða, hvort heldur sem það stafi af framleiðslugalla eða meðförum seljanda.

VI

Frekari andsvör seljanda

Í frekari andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi telur dýnuna ógallaða. Dýnan sé einfaldlega mjúk og með mjúkum kanti. Við söluuna á dýnunni hafi komið fram allar upplýsingar um hana og við afgreiðslu hafi verið afar fagmannlegur sölumaður sem hafi látið í té allar helstu upplýsingar um dýnuna. Tekur seljandi einnig fram að vandasamt geti verið að flytja jafn stórar dýnur og dýnu álitseiddanda. Til þess þurfi sendibifreiðar með háþekju svo dýnan verði ekki fyrir hnjaski. Dýnan hafi verið yfirfarin áður en hún var afgreidd úr versluninni og var þá í lagi.

VII

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitseiddanda og seljanda falli undir valdsvið neftdarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitseiddandi rúmdýnu af gerðinni Serta Tetessera Plush King af seljanda hinn 11. maí 2012 fyrir kr. 180.000. Um var að ræða dýnu af mýkstu gerð. Af málalíbúnaði álitseiddanda verður ráðið að hann telji dýnuna annaðhvort hafa verið haldna framleiðslugalla, eða að seljandi hafi ekki upplýst sig um að dýnan hentaði sér ekki við kaupin, þ.e. væri of mjúk. Seljandi hefur hafnað því að dýnan hafi verið haldin framleiðslugalla sem og að álitseiddandi hafi ekki fengið tilhlýðilegar upplýsingar um dýnuna við kaupin. Þá hefur seljandi einnig bent á að dýnan hafi mögulega skemmst við flutning, en um flutningurinn var á vegum álitseiddanda.

Álitseiddandi leitaði til kæruneftdarinnar hinn 3. mars sl. Það er um einu ári og tíu mánuðum eftir að kaup fóru fram. Ekki verður þó annað ráðið af gögnum málsins en að álitseiddandi hafi kvartað undan galla á dýnunni við seljanda nokkuð fyrr, þó ekki liggi nákvæmlega fyrir um hvenær það var. Telur kæruneftndin því óhætt að ætla að álitseiddandi hafi kvartað undan galla innan tímamarka 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í 1. mgr. 16. gr. segir m.a.:

„Söluhlutur telst vera gallaður ef:

a. hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.;

b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;“

Í 2. mgr. 15. gr. segir síðan m.a.:

„Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:

a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;

b. hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað;

c. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að neytandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;“

Rétt er að taka fram að þrátt fyrir að söluhlutur teljist hlutlægt séð gallaður í skilningi framanrakinna ákvæða getur neytandi ekki borið fyrir sig vanefndarúrræða laganna nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna. Verði gallinn þannig rakinn til meðferðar álitsbeiðanda á söluhlutnum, er ekki hægt að fallast á kröfur hans um t.a.m. riftun eða nýja afhendingu. Þá segir einnig í 3. mgr. 16. gr. að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita þegar kaupin voru gerð.

Kærunefndin fær ekki séð af gögnum málsins að umrædd dýna sé haldin galla í skilningi a- eða b-liðar 2. mgr. 15. gr., þ.e. að hún hafi verið haldin galla, t.d. framleiðslugalla, þegar við afhendingu. Þá telur kærunefndin orð seljanda um að dýnan gæti hafa skemmst við flutning vera getgátur einar og því ekki tilefni til að fjalla frekar um þær. Fær kærunefndin því ekki annað séð en að ástand dýnunnar verði rakið til notkunar álitsbeiðanda á henni. Slíkt getur þó talist til galla sýni álitsbeiðandi fram á að seljandi hafi við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um dýnuna eða not hennar sem seljandi hlaut að þekkja til og álitsbeiðandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um í skilningi a-liðar 1. mgr. 16. gr. laganna. Kærunefndin telur hins vegar, að gegn mótmælum seljanda hafi álitsbeiðanda ekki tekist að sýna fram á að svo hafi verið. Verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

VIII

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir